

KÓSY KVÖLD Á GÓUNNI

Hótel Reyhlið 12. MARS kl. 19:30

NU SKIN ENTERPRISES

Með kærleika og gleði í hjarta langar okkur að eiga með ykkur kósý kvöld á Góunni.

- ♦ Verðum með sýnikennslu á Galvanic Spa meðferð á andliti.
- ♦ Aðstoðum með rétt litaval á farða og því tengdu.
- ♦ Að hugsa vel um húðina, er nauðsynlegt.

Fræðsla um hvað hágæðavörur geta hjálpað.

Með okkur verður huldukona sem kíkir í Sígauna- og Tarotspil.

(15 mín. spá fyrir þá sem vilja á aðeins 2.000.-)

Skemmtilegt og fróðlegt, „Sjáumst“
Kveðja
Helga, Margrét og Katý



Aðalfundur Dyngjunnar
verður haldinn í Sel-Hótel Mývatni
mánudaginn 16. mars kl. 17:30.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf.
Önnur mál.

Að fundi loknum verður boðið upp á eitthvað gott að borða.

Stjórnin

Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

8. tbl. 7. árg. miðvikudaginn 11. mars 2015

Afmælisbörn dagana 12. mars — 18. mars 2015

12. Gunnar Atli Friðuson, Gunnar Þór Brynjarsson, Ingimar Atli Knútsson.
15. Elvar Goði Yngvason.
17. Arnþrúður Anna Jónsdóttir, Skarphéðinn Reynir Jónsson.

Ágætu sveitungar og vinir.

Í tilefni af 50 ára afmæli mínu 12. mars langar mig að bjóða ykkur í veislu á heimili mínu laugardaginn 14. mars eftir kl. 19:00.

Gleðjast þar með mér og fjölskyldu minni í tilefni þessara tímamóta.



Hlakka til að sjá ykkur.
Gunní í Baldursheimi.

Raggi 40 ára!

Ragnar Davíð Baldvinsson búsettur í Reykjahlíð 4 er fertugur í dag. Það er erfitt að trúá því að bak við unglegt yfirbragðið sé þetta þroskaður maður, en satt er það.

Hann verður að heiman á afmælisdaginn og því eru blóm og kransar afþökkuð, en hann tekur glaður við faðmlögum, kossum og kveðjum hvenær sem er!

Ástkonan

P.s. Nú vita allir að þú átt afmæli í dag, ástin mín þó þú hafir gleymst í Mýflugunni ;-)



**Hjartans þakkir
til allra fyrir auðsýnda samúð og hlýhug
við andlát og útför ástkærrar eiginkonu, móður,
tengdamóður, ömmu og langömmu**

Guðnýjar Sigríðar Kolbeinsdóttir
Hólabraut, Reykjadal,
er lést 18. febrúar sl.



Björn J. Guðmundsson,
Ragnheiður Björnsdóttir, Jóhann Karlsson,
Ásta Björnsdóttir, Sigurjón Valdimarsson,
Arna Jakobína Björnsdóttir, Skúli Rúnar Árnason,
G. Kolbeinn Björnsson, Guðlaug Ágústsdóttir,
Birna Björnsdóttir.
Barnabörn og barnabarnabörn.

Halló krakkar.

Sunnudagsstund verður næsta sunnudag 15. mars
í Reykjahlíðarkirkju klukkan 11:00.

Við æfum fyrir páskaleikrit, horfum á "Daginn í dag",
föndrum og sjáum leikhús.

Sjáumst.
Dóróthea og Örnólfur



Samkaup strax

**Sumarvinna
í Samkaup Strax Mývatnssveit.**

Óskum eftir starfsfólki í sumarvinnu við almenn verslunarstörf,
17 ára og eldri.

Upplýsingar í síma 464 4466 myvatn@samkaupstrax.is
og á <http://www.samkaup.is/Atvinnuumsokn/>

Ella og Steindi

Spennandi starf í boði.

Leiðsögumaður í Mývatnssveit.



Við hjá Saga Travel í Mývatnssveit leitum að fólki
til að starfa við leiðsögn í Mývatnssveit.

- Starfið felur í sér ökuleiðsögn fyrir erlenda ferðamenn og er mjög fjölbreytt og spennandi.
- Saga Travel leggur áherslu á ferðir með litla og meðalstóra hópa þar sem lögð er áhersla á bæði náttúru og menningu.
- Í boði er fullt starf í sumar en einnig leitum við að leiðsögumönnum sem vilja taka að sér einstaka ferðir.
- Viðkomandi þarf að hafa áhuga á fólki og hafa góða hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góð enskukunnátta er nauðsynleg og æskileg góð þekking á staðháttum í Mývatnssveit og nágrenni.
- Aukin ökuréttindi þarf til að sinna þessu starfi þ.e. leigubílapróf og lítil rúta (haldin verða meiraprófsnámskeið á Akureyri í apríl)

Umsóknarfrestur til og með 18. mars 2015.

Óskað er eftir að umsækjendur sendi
ítarlega starfsferilsskrá með umsókn.

Saga Travel hvetur jafnt konur og karla á öllum aldri
til að sækja um starfið.

Öllum umsóknum verður svarað og farið verður
með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Anton Freyr
í síma 825 8887 eða anton@sagatravel.is

Umsóknarfrestur er til og með 18. mars n.k.

Slysavarnarkonur!

Fulltrúar úr stjórn Landsbjargar ætla að heimsækja okkur á laugardagsmorgunn 14. mars kl. 9:00 í húsi félagsins.

Þau vilja hitta sem flestar félagskonur. Tökum nú létt morgunspjall með þeim.

Þóra, Sigga og Arnheiður.

Aðalfundur

Búnaðarfélags Skútustaðahrepps verður haldinn fimmtudaginn 19. mars kl. 20:00 í Sel hóteli.

Venjulega aðalfundarstörf, kosningar, önnur mál.

Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin.

Mýflugan

Kæru lesendur og viðskiptavinir.

Mýflugan kemur út á miðvikudögum.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.

Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Verðskrá:

1/3 síðu auglýsing 2.600 kr. m/vsk.

1/2 síðu auglýsing 3.700 kr. m/vsk.

1/1 síðu auglýsing 4.800 kr. m/vsk.

Kveðja, Hrafnhildur.



Aðalfundur Mývatnsstofu ehf.

Mývatnsstofa ehf. boðar til aðalfundar félagsins, þann 25. mars 2015 í húsi Björgunarsveitarinnar Stefáns að Múlavegi 2, efri hæð.

Fundurinn hefst kl. 14:00.

Dagskrá fundarins er samkvæmt 13. grein samþykktu félagsins.

Stjórnin



Sumarstarf við Fuglasafn Sigurgeirs.

Fuglasafn Sigurgeirs auglýsir eftir sumarstarfsmönnum næsta sumar.

Um er að ræða fjölbreytt starf sem snýr að þjónustu við gesti, staðarleiðsögn, veitingarsölu og öðru sem sinna þarf.

Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund.

Tungumála, tölvukunnátta og þekking á fuglum er til mikilla bóta.

Gott væri að viðkomandi gæti hafið störf í byrjun maí.

Umsóknarfrestur er til og með 31. mars 2015.

Umsóknum skal skila til Fuglasafs Sigurgeirs,

Ytri-Neslöndum, 660 Mývatnssveit

eða á netfangið fugasafn@fugasafn.is

Nánari upplýsingar veitir Stefanía í síma 464 4477



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

14. fundur

að Hlíðavegi 6, miðvikudaginn 25. febrúar kl. 09:15

Mættir: Yngvi Ragnar Kristjánsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Guðrún Brynleifsdóttir
Sigurður G. Böðvarsson, Böðvar Pétursson í forföllum Friðriks K. Jakobssonar og Jón Óskar Pétursson sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Fundargerð atvinnumálanefndar frá 10. febrúar 2015.
3. Fundargerð félags og menningarmálanefndar frá 13. janúar 2015.
4. Fundargerð félags og menningarmálanefndar frá 17. febrúar 2015.
5. Afgreiðsla umsóknar Skútustaðahrepps til Landbótasjóðs 2015.
6. Bréf þjóðgarðsvarðar Vatnajökulspjóðgarðs dags. 4. febrúar 2015.
7. Bréf Gafls, félags um þingeyskan byggingararf dags. 12. febrúar 2015.
8. Þjónustusamningur Skútustaðahrepps og Mývatnsstofu.
9. Sorpmál í Skútustaðahreppi.
10. Snjómokstursreglur í Skútustaðahreppi – drög.
11. Skýrsla sveitarstjóra-munnleg.
12. Fulltrúar Vegagerðarinnar mæta til fundar.

Til kynningar:

Gjaldskrá Sorpsamlags Þingeyinga tímabilið 1. febrúar-31. maí 2015.
Fundargerðir Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra frá 14. janúar og 4. febrúar 2015.

Afgreiðslur.

1. Oddviti setti fund og lagði til að 12.lið, *Fulltrúar Vegagerðarinnar mæta til fundar*, yrði frestað þar sem fulltrúar Vegagerðarinnar komast ekki til fundarins. Jafnframt lagði oddviti til að fundargerð félags og menningarmálanefndar frá 13. janúar 2015 yrði tekin á dagskrá sem liður 3. Aðrir liðir færast aftur um einn.
Samþykkt samhljóða.
2. Lögð fram fundargerð atvinnumálanefndar frá 10. febrúar 2015. Fundargerðin er í 5 liðum. Vegna liðar 2, samþykkir sveitarstjórn að skipa starfshóp sem kanna á möguleika á uppbyggingu „Fræðaseturs“ í Mývatnssveit. Vinnuhópurinn skipi Sigurður G. Böðvarsson, Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, Bjarni Jónasson og Ásta Kristín Benediktsdóttir. Hópurinn skili niðurstöðu til sveitarstjórnar fyrir lok apríl 2015.
Varðandi mótun atvinnustefnu þá beinir sveitarstjórn því til nefndarinnar að hefja vinnu við mótun atvinnustefnu þegar stefnumótun í ferðaþjónustu liggur fyrir.
Vegna liðar 3. Til skýringar vill sveitarstjórn taka fram að nefndin fjalli um fasteignamál og nýbyggingar á vegum sveitarfélagsins í þeim tilfellum þar sem þau tengjast atvinnumálum.

Vatnslitanámskeið í Mývatnssveit.

Menningarfélagið Gjallandi mun standa fyrir vatnslitanámskeiði í Grunnskólanum í Reykjahlíð dagana 28. og 29. mars næstkomandi.

Námskeiði hentar byrjendum sem lengra komnum, kennslan verður sniðin að hverjum nemanda fyrir sig. Farið verður í grunnþætti vatnslitamálunar, litafræði, landslag og kyrrlífsmyndir, svo eitthvað sé nefnt. Innifalið í námskeiði eru penslar, málning, pappír og annar búnaður.

Námskeiðið hefst kl. 09:00 báða dagana og boðið verður upp á léttan hádegisverð. Kennari er Þórunn Inga Gísladóttir myndlistarkona. Námskeiðsgjald er 20.000 krónur en félagsmenn í Gjallanda fá 25% afslátt.

Hægt er að skrá sig með því að senda tölvupóst á gjallandi@gjallandi.is eða hringja í Bjarna í síma 861 0058. Nánari upplýsingar verða birtar á www.gjallandi.is.

Stjórnin



Skráning enn í gangi.

Keppnin fer fram 21. mars en allar nánari upplýsingar er að finna á facebook síðu Mývatnssleðans.

Hægt er að skrá sig í síma 868 1096 - Garðar



c. Almenn kynning og markaðssetning á Mývatnssveit. Sérstök áhersla verði lögð á kynningu verndarsvæðisins, umgengnisreglur og þjónustu s.s sorpflokkun og salernisaðstöðu í bæklingi Visit Mývatn, sem gefin er út á hverju ári.

d. Umsjón með sameiginlegu kynningaefni um Mývatnssveit.

e. Aðkoma að vinnu við endurnýjun heimasíðu Skútustaðahrepps.

f. Önnur verkefni samkvæmt nánara samkomulagi sem rúmast innan þessa samnings og markmiða félagsins.

Greiðslur Skútustaðahrepps til Mývatnssstofu ehf samkvæmt þessum samningi eru kr. 150.000 á mánuði. Skútustaðahreppur greiðir húsaleigu fyrir Mývatnssstofu í húsnæði UST að Hraunvegi 8.

Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra undirritun.

9. Oddviti og sveitarstjóri fóru yfir vinnu undanfarinna vikna varðandi framtíðarfyrirkomulag sorpmála í samstarfi við Þingeyjarsveit. Oddviti bar upp eftirfarandi tillögu.

„Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir að framtíð sorphirðu í sveitarfélaginu taki mið að aukinni endurvinnslu og flokkun úrgangs. Markmiðið verði að minnka urðun úrgangs með því að flokka og endurvinna og verða til fyrirmyndar í umhverfismálum. Þetta fyrirkomulag muni leiða til fjárhagslegs ávinnings fyrir sveitarfélagið þegar frammí sækir. Lagt er til að öll heimili verði tunnurvædd. Stefnt verði að því að fækka eins og kostur er, opnum gámasvæðum í sveitarfélaginu. Þess í stað verði um lokað/vaktuð gámaplan að ræða. Þá leggur sveitarstjórn áherslu á mikilvægi þess að kynna breytingar og fyrirkomulag sorphirðu vel fyrir íbúum sveitarfélagsins en lykillinn að góðum árangri eru góðar upplýsingar til íbúa og samvinna.

Sveitarstjórn samþykkir að taka núverandi samning við Gámaþjónustu Norðurlands til endurskoðunar með það að markmiði að gera þróunarsamning til loka árs 2015 um sorphirðu og innleiðingu flokkunarkerfis með fyrrgreindu markmiði að leiðarljósi. Í lok árs 2015 verði staðan metin, hvort þróunarsamningur verði framlengdur um eitt ár. Stefnt verði á útboð á sorphirðu í framhaldinu.“

Sveitarstjóra falið að ganga til viðræðna við Gámaþjónustu Norðurlands um endurskoðun gildandi samnings í samvinnu við sveitarstjóra Þingeyjarsveitar“.

Samþykkt samhljóða.

10. Lögð fram drög að snjómoksturreglum í Skútustaðahreppi. Umræður urðu um málið.

Oddvita og sveitarstjóra falið að ræða við þá aðila sem vinna í snjómokstri fyrir sveitarfélagið.

11. Sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu verkefnum sem unnið hefur verið að frá síðasta fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 11:00

Yngvi Ragnar Kristjánsson

Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir

Guðrún Brynleifsdóttir

Sigurður G. Böðvarsson

Böðvar Pétursson

Jón Óskar Pétursson, sveitarstjóri

Sveitarstjórn beinir því til nefndarinnar að fjalla um málefni Múlavegar 1 með mögulega sölu í huga.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leiti.

3. Lögð fram fundargerð félags og menningarmálanefndar frá 13. janúar 2015. Fundargerðin er í 5 liðum.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina

4. Lögð fram fundargerð félags og menningarmálanefndar frá 18. febrúar 2015. Fundargerðin er í 5 liðum.

Vegna liðar 3. Sveitarstjórn felur félags og menningarmálanefnd að hefja undirbúning að 60. ára afmælishátíð félagsheimilisins Skjólbrekku árið 2015. Nefndin leiti samstarfs við Menningarfélagið Gjallanda varðandi mótun dagskrár.

Vegna liðar 4. Sveitarstjórn samþykkir tillögu félags og menningarnefndar varðandi styrkveitingu til menningarverkefna. Veittir eru styrkir til sex verkefna og nemur heildarupphæð styrkveitinga 400 þúsund krónum.

Guðrún Brynleifsdóttir vék af fundi undir þessum lið.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina að öðru leiti.

5. Lagt fram bréf Landgræðslunar þar sem fram kemur að styrkveiting til Skútustaðahrepps vegna umsóknar í landbótasjóð á árinu 2015 nemur 1.770 þúsund krónum.

Sveitarstjórn felur landbúnaðar og girðingarnefnd umsjón og eftirfylgni með ráðstöfun styrkveitingarinnar og ábyrgð á framkvæmd landgræðsluverkefna í sveitarfélaginu sem undir styrkveitinguna falla.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir að gengið hefur verið frá pöntun á áburði í samræmi við styrkveitinguna.

6. Í bréfi þjóðgarðsvarðar Vatnajökulsþjóðgarðs er sveitarstjórn Skútustaðahrepps hvött til að hefja vinnu við nafngift á nýja hrauninu í Holuhrauni í samvinnu við Vatnajökulsþjóðgarð hið fyrsta.

Sveitarstjórn þakkar bréfitara og tekur undir mikilvægi þess að gefa náttúrufrumbærinu nafn sem fyrst. Sveitarstjórn bendir þó á að samkvæmt gildandi lögum er það örnefnanefnd sem fer með nafngift nýrra náttúrufrumbæra. Hins vegar er til meðferðar á Alþingi frumvarp til laga um örnefni. Í því frumvarpi er gert ráð fyrir að sveitarfélög hafi frumkvæði að nafngift nýrra náttúrufrumbæra að fenginni umsögn örnefnanefndar. Meðan frumvarpið hefur ekki verið lögfest telur sveitarstjórn Skútustaðahrepps sig ekki hafa lögsögu í málinu og leggur því til að sveitarfélagið og Vatnajökulsþjóðgarður sendi sameiginlegt erindi til örnefnanefndar varðandi nafngiftina.

7. Í bréfinu hvetur stjórn Gafls, félags um þingeyskan byggingararf, sveitarfélög í Þingeyjarsýslu til þes að láta gera könnun í sveitarfélögunum með það fyrir augum að varðveita merk mannvirki og fella þau að skipulagi. Eins eru sveitarfélögin hvött til að veita þeim viðurkenningu sem vel standa að endurgerð og viðhaldi gamalla mannvirkja. *Sveitarstjórn þakkar bréfitara og vísar erindinu til umfjöllunar í skipulagsnefnd.*

8. Lögð fram drög að samstarfssamningi Skútustaðahrepps og Mývatnssstofu.

Þjónustusamningur þessi felur í sér eftirtalin verkefni:

a. Upplýsingagjöf til ferðafólks.

b. Viðburðastjórnun eða aðkoma að undirbúningi og framkvæmd viðburða innan sveitarfélagsins samkvæmt samkomulag milli viðkomandi aðila hverju sinni.